

**Ed.**

**214. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, m. m.

Flutningsm.: Magnús Torfason og Kárl Einarsson.

1. gr.

1. gr. 1. og 2. málsg. orðist svo:

Stjórn Landsbankans skipa 3 bankastjórar, og skipar ráðherra þá. Skál einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá, einum eða fleirum, um stundarsakir, er honum þykir nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri hann þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

3. gr.

Ráðherra skipar bókara og fjehirði bankans og vikur þeim frá, hvort-tveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma o. s. frv. Meiri hluti bankastjórnar skal undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki meiri hluta bankastjórnar.

Verði ágreiningur milli bankastjóra um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti.

4. gr.

5. gr. 1. setning orðist svo:

Bankastjórar hafa í árslaun 8000 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er sama og stjórnin lagði fyrir þingið 1915, og þá var afgreitt með rödstuddri dagskrá.

Síðan hafa viðskifti bankans aukist mjög, og enginn vafi á, að þau fara dagvaxandi, auk þess sem búast má við, að nýjar atvinnugreinar þurfi á stórfje að halda, þegar að ófriðnum loknum.

Það, sem þó einkum hefir knúð oss flutningsmenn til að bera frumvarp þetta fram, er, að alveg óverjandi virðist að láta stjórn bankans vera lengur í sama horfi og nú, á þeim hættutímum, sem yfir virðast voða.

Hingað til hefir ófriðurinn hækkað hag bankans, og á því að hafa verið vandalítið fyrir bankann að koma fje sínu fyrir á sæmilegum skuldastöðum.

En nú má búast við, að atvinnuvegir vorir eigi mjög örðugt uppdráttar, svo frekar sje ekki að orði komist, en það hlýtur að auka allan vanda af stjórn bankans, og það jafnvel svo, að óvíst er að í annan tíma reyni fremur á þolrif bankastjórnarinnar. Hefir því aldrei verið eins lífsnauðsynlegt, að bankinn hafi sterkri, óskeikulli og úrræðagóðri stjórn á að skipa og nú.

Eins og kunnugt er, eru báðir bankastjórnarnir að eins settir til bráðabirgða, og sama er um annan gæslustjórnann. Slik stjórn getur aldrei haft það framkvæmdarþrek og óbifandi festu, sem nauðsynleg er hverri stjórn bankans á slikum tímum, og því síður má ætla henni að gera ábyrgðarmiklar frambúðar-ráðstafanir, en hjá því virðist þó engan veginn verða komist.

Eins og á stendur og atvik liggja til, fáum við ekki sjeð, að unt sje að koma stjórn bankans í sæmilega fast horf, nema með breytingu á allri stjórnar-tilhögun hans í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á.

Að öðru leyti skal skírskotað til ástæðna ráðherra fyrir frumvarpinu 1915.